

**Nd.**

**10. Frumvarp til laga**

**[10. mál]**

um Handritastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Tilgangur Handritastofnunar Íslands er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslensku þjóðarinnar fyrir og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

3. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin hefur tekið við starfi handritaútgáfunefndar háskólans.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um skipun hans í starfið fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora.

Til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Landsbókasafns, Þjóðskjalasafns, Listasafns og Handritastofnunar hverjum um sig að athuga um endurskoðun löggjafar um stofnun sína í samstarfi við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins. Hefur þetta frumvarp verið samið í framhaldi af því. Í frumvarpinu felast eftirtaldar breytingar frá gildandi lögum um Handritastofnun Íslands (l. nr. 36/1962):

1. gr. laga nr. 36/1962, þar sem segir, að komið skuli á fót Handritastofnun Íslands, er felld niður, en heiti stofnunarinnar felld inn í 2. gr., er verður 1. gr. í frv.
4. gr. laganna, um að kveðið skuli á um það í reglugerð, hvar Handritastofnunin sé til húsa, er felld niður.
- Niðurlag 1. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands, hljóðar svo: „Til aðstoðar honum (þ. e. forstöðumanni) séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina.“ Lagt er til með frumvarpi þessu, að þessum ákvæðum sé breytt þannig, að tala aðstoðarmanna sé ekki takmörkuð við tvo, heldur fari eftir fé því, sem veitt er til í fjárlögum. Einnig er tekið fram, að aðstoðarmennirnir skuli vera sérfræðingar, og fer þá um sérgrein þeirra eftir því, hvað stofnunin hefur þörf fyrir hverju sinni.

Um skipun forstöðumannsins, sem jafnframt er prófessor í heimspekideild, fari eftir sömu reglum og um aðra prófessora, en aðrir fastir starfsmenn skulu settir eða skipaðir eða ráðnir af menntamálaráðuneytinu.